

**mæt-a** *so. vb.-i – heyra*  
[-ti]

– hún mætir á réttum tíma í skólann

‡ mæta • mót (no) » koma, hitta

**drepa** *so. sb.-5 – gefa*  
[drap, drápum, drepið]

– ekki drepa fluguna!

‡

**auka** *so. sb.-7 – falla*  
[jók, jukum, aukið]

– það þarf að auka öryggið í umferðinni

‡ » hækka, stækka « minnka

‡

**teyg-ja** *so. vb.-i – heyra*  
[-ði]

– hann teygði úr sér

**umhverfi** *hk. – hús*  
[-s, -]

– frárænnli verksmiðjunnar mengar umhverfið

‡ • umhverfis

**framhjá** *fs. – þgf.*

– hann gekk framhjá búðinni

‡ • fram, hjá; meðfram

**snemma** *ao.*

– ég kem snemma heim

‡ • fyrir, fyrst « seint

‡

**hvergi** *ao.*

– ég finn hvergi gleraugun mín

**hring-ur** *kk. – dalur*  
[-s, -ir]

– hún er með hring á hverjum fingri

‡ hringr • sólarhringur

**bragð** *hk. – hús Ö*  
[-s, brögð]

– það er lítið bragð af súpunni

‡ • bregða, viðbragð

**hjón** *hk. ft. – hús*

– hjónin í næsta húsi eru orðin gömul

‡ • hjónaband

‡

**blóm** *hk. – hús*  
[-s, -]

– hún gaf honum blóm

**viðkvæm-ur** *lo. – gulur*  
[-, -t; -ari, -astur]

– ég er með viðkvæma húð

‡ • við; nákvæmur, samkvæmt, framkvæmd

**fljót-ur** *lo. – gulur*  
[-, -t (ao.); -ari, -astur]

– þú ert fljót að skipta um skoðun

‡ fljótr • fljóta, fljótt, fljótlega; flýta « seinn

**svipað-ur** *lo. – gulur Ö*  
[svipuð, -; -ri, -astur]

– veðrið er svipað og í gær

• svipur » líkur, eins

**fjöld-i** *kk. et. – tími*  
[-a]

– það var fjöldi fólks í miðbænum

‡ fjöldi • fjölga, fjölmargur, fjölskylda